

Menning

Waterloo fór niður á rann-sóknastofu Babbage og kynnti sér stöðuna á vígvellinum. Eftir ákafar fortölur Babbage ákveður Wellington að gefa eitt tækifæri í viðbót: hann útvegar Babbage 3000 punda lán til áframhaldandi tilrauna. En fjórum árum síðar stendur Babbage enn í sömu sporunum og útgjöldin eru orðin tífalt meiri en upphaflega var áætlað.

Ríkisstjórnin grípur í taumana. Verkstaðinu er lokað og starfsfólkinu öllu sagt upp. En ekki var látið þar við sitja því málið var farið að vekja umtal og orðið pólitískt bitbein, enda Babbage virkur þátttakandi í stjórnmálum. Babbage var grunaður um að hafa dregið sér fé. Sannleikurinn er hinsvegar sá að Babbage sjálfur fjármagnaði framkvæmdirnar að minnsta kosti að hálfu leyti með eigin fé. Engu að síður fékk Babbage slæma útreið í kosningunum 1832 og 1834. Nefnd er skipuð til þess að kanna hvernig þessum peningum hefur verið varið. Ekki eru allir á eitt sáttir um hvernig almannafé hefur verið dælt í þetta fyrirtæki.

En Babbage missir ekki móðinn. Strax í apríl 1834 er hann kominn með teikningar að nýrri reiknivél. Sú var enn stórfenglegri en sú fyrri. Henni var ætlað að geta leyst allar jöfnur sem hugsast gat. Tölvufræðingar líta á þessa tölvu sem forföður nútímatölvunnar, enda á hún

það sameiginlegt með mörgum tölvum dagsins í dag að í einum hluta hennar fer fram mótun á upplýsingum, annar hluti sér um niðurröðun útreikninga, þriðji hlutinn framkvæmir útreikninga og í fjórða hlutanum er minni sem geymir niðurstöður til bráðabirgða og fimmti hlutinn sér um prentun endanlegra niðurstaða.

Eitt merkasta framlag Babbage var aðferðin við mótun tölvunnar, en til þess voru götuð spjöld. Þeirri aðferð var fyrst beitt í spunaverksmiðjum af franska verkfræðingnum Jacquard.

En árin líða. Babbage bíður enn eftir niðurstöðum rann-sóknaneftarinnar til þess að geta haldið áfram smíðinni. Loks er málið tekið fyrir á þinginu. Babbage er hreinsaður af öllum ákærum, en hinsvegar verður ekki meira úr framkvæmdum við tölvuna. Ákveðið er að senda hana ófullgerða beint á Kensington safnið.

■ **Tölva Babbage eins og hún lítur út á Kensington safninu. Sonur hans lauk við hana að Babbage látum. Tölvan virk- aði aðeins einu sinni.**

Sir Robert Peel, forsætisráðherra, getur ekki stillt sig um að gera grín að öllu saman:

– Gagnlegt hefði verið að láta tölvuna reikna út hvenær við mætum eiga von á að hún kæmist í gagnið.

Og Disraeli bætti við:

– Það er ómögulegt. Hún er of upptekin við að leggja saman kostnaðinn við smíði hennar. En Babbage eyddi síðustu 40 árum ævi sinnar í gerð mörg hundruð uppkasta og teikninga af reiknivélum án þess að nokkur maður sýndi starfi hans áhuga að undanskildum tveimur persónum, gæddum miklum gáfum. Það voru Manabrea, hershöfðingi í her Garibaldi og síðar forsætisráðherra, en þó öðrum fremur Ada Lovelace, dóttir Byrons lávarðar, skálds. Hún var mikill stærðfræðingur og einkar fögur. Árum saman vann hún við að yfirfara teikningar Babbage og kanna fræðilega útfærslumöguleika á hugmyndum hans. Hún einbeitti sér að því að finna leiðir til þess að gera tölvunni kleift að leysa ýmis vandamál og er hún talin fyrsti forritari sögunnar.

En örlögin voru Babbage ekki hliðholl. Árið 1834 höfðu tveir sænskir feðgar, Scheutz að nafni, lesið um hugmyndir Babbage í bresku tímariti. Í framhaldi af því smíðuðu þeir sjálfir tölvu, sem byggði að langmestu leyti á hugmyndum Babbage. Feðgarnir voru þó ekki eins stórhuga og Babbage og létu sér nægja einfaldari útgáfu.

En árið 1855 fá þessir feðgar gullmedalíu á stórrí syningu í

París fyrir reiknivél sína. Og það sem var öllu verr frá sjónarhóli Babbage: Breska stjórnin ákveður að verða sér úti um reiknivél frá feðgunum.

„Vélin sem spinnur tölur“

Sagt er að undir lok ævinnar hafi Babbage verið orðinn bitur nokkuð. Hann var fórnarlamb óraunsærra áætlana sinna og ófullnægjandi tæknikunnáttu samtímans. „Lifi ég nógu lengi, sagði hann, mun ég ljúka við smíði tölvunnar. Ef svo verður ekki þurfum við væntanlega að bíða í hálfa öld eftir því að annar nái sama marki.“

En til þess að vonin rættist þurfti að bíða til ársins 1947. „Vélin sem spinnur tölur,“ eins og Ada Lovelace orðaði það, var þá fyrst orðin að veruleika.

■ **Ada Lovelace, dóttir Byrons lávarðar, var mikill stærðfræðihaus. Tölvumál, sem notað er í bandaríska varnarmálaráðuneytinu, er skírt í höfuðið á henni.**

Myndirnar eru á bls. 83-86 í tímaritinu HISTORIA.



Minning

Bjarni Sigurðsson Hofsnesi

Fæddur 1. ágúst 1899.
Dáinn 13. mars 1985.

*Viðmótsprúður geði glöðu
gekk hann fram í blíðu og
stríðu.*

*Hæfur fyrir hærri stöðu
hann var sinnar stéttar prýði.*

G.Th.

Hinn 13. mars s.l. andaðist Bjarni bóndi Sigurðsson á Hofsnesi í Oræfum, 85 ára að aldri. Hann var að jafnaði kenndur við þann bæ, enda átti hann þar heima alla ævi, nema 5-6 ár er hann bjó í Svínafelli.

Foreldrar Bjarna voru hjónin Sigurður Þorsteinsson frá Hnappavöllum og Guðrún Bjarnadóttir frá Skaftafelli. Sagnir eru skráðar um mjög listfenga menn í Skaftafelli, og sumir í þeirri ætt voru afrendir að afli og þölgóðir í hverri raun, svo að á orði var haft.

Þegar foreldrar Bjarna höfu búskap, var tvíbyli á Hofsnesi og hélt það óbreytt ellefu fyrstu búskaparár þeirra. En 1903 fluttist annar bóndinn þar til Ameríku ásamt fjölskyldu sinni. Sigurður keypti þá jörðina, sem losnaði úr ábúð. Síðan hefur verið einbyli á Hofsnesi. Foreldrar Bjarna eignuðust sex börn, tvo sonu og fjórar dætur. Bjarni lifði lengst þeirra systkina.

Bjarni var 22 ára, þegar hann tók við búsföráðum á Hofsnesi að föður sínum látum. Hann tengdist því bændastéttinni ungur og æ síðan meðan hann hafði starfsþrek var hann traustur liðsmaður á þeim vettvangi og einn þeirra manna, sem auka landsins gróður og eru í eðli tryggt ættjörð sinni og móður.

Sumarið 1930 fluttist Bjarni frá Hofsnesi að Svínafelli og veturinn eftir kvæntist hann Lydíu Pálsdóttur ljósmóður. Næstu ár eftir þetta bjuggu þau

í Svínafelli í félagi við Pál Pálsson, en kona Bjarna var systir Páls og kona Páls systir Bjarna.

Bjarna og Lydíu varð fjögurra barna auðið. Þau eru talin í aldursröð: Guðrún húsfreyja í Reykjavík, Sigurður bóndi á Hofsnesi, Guðrún Þórlaug bústýra á Hofsnesi og Páll verkamaður á Selfossi.

Sumarið 1936 fluttust Bjarni og Lydíu frá Svínafelli að Hofsnesi. Eldri dóttir þeirra var þó áfram í Svínafelli og ólst þar upp. Á Hofsnesi áttu hjónin síðan heima til æviloka, en konan féll frá 1969.

Bjarni var hirðusamur bóndi, ötull og afkastamikill í starfi. Kom það best fram og svo að frá bar, ef keppa skyldi að ákveðnu marki eða mikið þótti við liggja. Eftir að kreppunni á fjórða áratug þessarar aldar lauk hófust yfirleitt miklar framfarir í búnaði, og þó einkum eftir að bændur eignuðust aflmiklar vélar til jarðræktar og framleiðslu búvara. Bjarni fylgdist vel með þeirri þróun og tók þátt í henni. Á búskapartíma hans var til að mynda ræktun á jörð hans stórkaukin, ný hús reist í stað gamla, vatn leitt í bæinn, komið upp heimilisrafstöð og ýmiss konar vélar keyptar.

Heimilið á Hofsnesi var oft nokkuð fjölmennt. Þó að Bjarni væri þar húsráðandi svo áratugum skipti, vann hann þar aldrei einn, og hann naut þeirrar giftu að hafa góða samstarfsmenn. Á æskuárum var hann í hópi systkina og á hinum síðari árum ævi hans færðist búskapurinn smám saman í hendur barna hans. Hér skal þó sérstaklega getið tryggja manna, sem unnu með Bjarna áratugum saman. Steindór Sveinsson kom í vist á Hofsnesi, er hann var á fermingarárldri. Hann varð 71 árs, átti oftast heimili á Hofsnesi og



vann þar löngum, þótt hann jafnframt að nokkru leyti stundaði smíðar utan heimilis. Helgi Stefánsson var alinn upp á Hofsnesi og átti þar heima ævilangt. Hann féll frá fyrir nokkrum árum 57 ára að aldri, en var alla ævi sína samstarfsmaður Bjarna og honum hugþekktur.

Bjarni naut svo mikils trausts og vinsælda í sveit sinni, að árum saman voru honum falin ýmis félagsmálastörf. Hann átti sæti í hreppsnefnd Hofshrepps 37 ár samfellt, það er 1925-1962. Var í stjórn Búnaðarfélags Hofshrepps 26 ár, frá 1929 til 1955. Rúman áratug hafði hann umsjón með störfum í sláturhúsi í sveitinni. Nokkur ár var hann í skattanefnd, einnig nokkur ár í skólanefnd, svo og í stjórn lestrarfélags í sveitinni. Í landsmálum var hann ætíð traustur stuðningsmaður Framsóknarflokksins. Samvinnustarfsemi og velgengi landbúnaðarins voru honum áhugamál.

Bjarni hlaut lögboðna barnafræðslu í sveit sinni. Hann hafði góða hæfileika til að ganga lengra á namsbraut, en honum auðnaðist ekki að njóta framhaldsnáms í skólum, enda fáar menntastofnanir í landinu á æskuárum hans. En íslensk menning var frá upphafi bændamenning. Ýmsir sjálfmenntaðir menn í bændastétt hafa í tómstundum jafnan sinnt fræðistörfum

um eða öðrum hugðarefnum. Bjarna var þannig farið. Hann las bækur um ýmis efni sér til mikils fróðleiks og athugaði gaumgæfilega ættir manna, einkum Austur-Skaftfellinga. Í þeirri grein var svo óbrigðul þekking hans og minnið svo traust, að hann í samræðum gat viðstöðulaust rakið ættir manna langt aftur án þess að hafa í höndum ritaðar heimildir. Hann sóttist eftir að lesa ævisögur. Með því m.a. fékk hann vitneskju um ættir margra þjóðkunnra Íslendinga. Bjarni ritaði nokkrar greinar um ýmis efni. Sumar þeirra birtust í ritinu Heima er best.

Bjarni var sjálfur hamingjusamur í einkalífi. En sumt skyldfólk hans og heimilið á Hofsnesi varð á tímabili að þola þungbær áföll. Kom þar til alvarleg veikindi bróður hans og fleira, sem stöðjaði að um sama leyti. Þá sem endranær var Bjarni hinn styrki, hollráði og sanni vinur í raun.

Bak við verk hvers manns er einstaklingsæðli hans og viðhorf. Hin gagnræða mannlysing skáldsins hæfir vel Bjarna á Hofsnesi: Fáir áttu heilli hug, hollari sínum grönnum. – Hann kom jafnan til móts við aðra menn viðmótsprúður með geði glöðu, en í dagfari hans var hvorki kæruleysi né léttúð. Hann var ósérhlífinn í störfum, gestrisinn, greiðvinninn við alla, hjálpsamur einkum þeim, sem voru minni máttar, félagshyggjumaður með viðhorf þess bónda, sem veit að sveitin af hans starfi grær.

Við ævilokin eru Bjarna fluttar hugheilar þakkir og ástvinum hans er vottuð samúð.

Minningin um manngildi og verk Bjarna á Hofsnesi mun lengi geymast með sveitungum hans og öðrum, sem honum kynntust:

*Pótt skyggi sorg á sætið auda
ljós er þar yfir, sem láttinn
hvílir.*

P.P.